



Fréttatilkynning
17 March 2026 14:08:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Skráning á aðalfund og framboð til stjórnar Íslandsbanka

Boðað var til aðalfundar bankans þann 26. febrúar 2026. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 19. mars 2026, kl. 16:00, á hótél Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram rafrænt, óháð því hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt. Fundurinn fer fram á íslensku, en boðið verður upp á túlkapjónustu á ensku.

Almennur framboðsfrestur til stjórnar bankans rann út klukkan 16:00 þann 14. mars 2026. Endanlegan lista yfir frambjóðendur má finna á [vef bankans](#).

Athygli er vakin á því að hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á heimasíðunni <https://www.lumiconnect.com/events/islandsbankiagm2026>, eigi síðar en kl. 16:00 þann 18. mars 2026, eða degi fyrir fundardag, til að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Sama gildir ef hluthafar vilja leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Þær skulu sendar á netfangið hluthafar@islandsbanki.is.

Dagskrá, tillögur stjórnar til aðalfundar, ársreikningar fyrir árið 2025, upplýsingar um hvernig hluthafar geta nálgast aðgangsupplýsingar og um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn er að finna á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/hluthafafundur, og eru aðgengileg í höfuðstöðvum bankans.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Skráning á aðalfund og framboð til stjórnar Íslandsbanka](#)